

## CHRISTIANE L. BAHNER HDL.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
bt. sveitarstjórnar  
Árnes  
801 Selfoss

Vestri-Garðsauka, þann 25. apríl 2018

### Varðar: Flatir lóð 17, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, landnr. 193908

Til mín hafa leitað fyrirvarsmenn Flatir Cottages ehf. vegna umsóknar um starfsleyfi vegna útleigu sumarhúss á ofangreindri lóð.

Málavextir eru þeir að félagið var stofnað í júní 2017 í þeim tilgangi að reisa sumarhús til útleigu á ofangreindri lóð. Grunnur að sumarhúsi hafði verið gerður árið 2013, en frekari framkvæmdir voru gerðar af félaginu á undanförnum mánuðum. Við undirbúning og á framkvæmdatíma hafði Kirsten Jennerich, ein af eigendum félagsins og íbúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps rætt nokkrum sinnum við starfsmenn sveitarfélagsins, bæði á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi og við byggingafulltrúa Uppsveita og hafði henni verið tjáð að það væri ekkert mál að fá starfsleyfi fyrir útleigu þegar húsið væri komið upp.

Stefnt er á að klára húsið á næstu vikum og hafa það tilbúið fyrir útleigu í sumar.

Sótt var um starfsleyfi í febrúar s.l. en þann 20. febrúar barst Kirsten tölvubréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þar sem henni var tjáð að umsókn um starfsleyfi hafi verið hafnað á þeim grundvelli að umsögn Byggingarfulltrúa Uppsveita Ánessýslu væri neikvæð á þeim forsendum að bústaðurinn væri á frístundabyggðarsvæði.

Þessi niðurstaða kom umbjóðendum mínum mjög á óvart og er allt verkefnið í alvarlegu uppnámi af augljósum ástæðum. Um er að ræða þrjá einstaklinga með ólíkan bakgrunn sem hafa áður ekki haft við byggingu sumarhúsa og útleigu þeirra að gera. Þeim finnst óskiljanlegt að yfirvöldin hafi ekki upplýst þau fyrr um skipulagsmál og þær takmarkanir sem gilda fyrir útleigu sumarhúsa í frístundasvæðum, enda leituðu þau sífellt upplýsinga og ráðgjafa sérstaklega til byggingafulltrúa en einnig á skrifstofu sveitarfélagsins sjálfs. Að þeirra mati er um alvarlegt brot á upplýsingaskyldu sveitarfélagsins og stofnana þess að ræða.

Í viðskiptaáætlun félagsins var gert ráð fyrir rekstrarhagnað að fjárhæð kr. 1.130.024 árið 2018, kr. 1.258.493 árið 2019 og kr. 1.448.478 árið 2020, sem er tjón félagsins vegna vanrækslu sveitarfélagsins á upplýsingaskyldu sinni.